

AUGLÝSING

55

17. maí

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaптúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar hefur ráðuneytið staðfest 12. þ. m. samþykkt fyrir sjúkrasamlag Biskupstungna, samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

56

19. maí

um tollvörugeymslur.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tollvörugeymslur samkvæmt reglugerð þessari eru þrenns konar:

1. Almennar tollvörugeymslur.
2. Tollfrjálsar forðageymslur.
3. Flutningageymslur (Transit-geymslur).

Leyfi ráðherra þarf til að stofna og reka tollvörugeymslu.

Auk þeirra skilyrða, sem lög og reglugerðir setja um rekstur tollvörugeymslna, getur ráðherra bundið leyfi öðrum þeim skilyrðum, sem nauðsynleg kunna að þykja, til að tryggja hagkvæman rekstur geymslu og til að fyrirbyggja, að eftirlit með henni verði óhæfilega erfitt eða kostnaðarsamt.

2. gr.

Sá, sem ætlar að reka tollvörugeymslu, skal áður en geymsla er tekin í notkun, setja rikissjóði tryggingu, sem ráðherra ákveður í leyfi samkvæmt 1. gr., fyrir opinberum gjöldum, sem hann kann að þurfa að greiða vegna reksturs geymslunnar, þar með talið eftirlitsgjald samkv. 17. gr. og geymslugjald eða leiga, ef geymsla er rekin í húsakynnum tollgæzlunnar.

3. gr.

Tollvörugeymslur má aðeins reka í húsakynnum, sem tollyfirvöld hafa samþykkt til þeirra nota.

Ekki skal samþykkja önnur hús til afnota fyrir tollvörugeymslur en traustar byggingar, sem öruggar mega teljast til geymslu á öllum algengum varningi. Glugga- og dyraumbúnaður skal vera traustur og þannig til hagað, að auðvelt sé að fylgjast með allri umferð um geymsluna og með öllum flutningi á varningi að henni og frá.

Úr tollvörugeymslu má ekki vera innangengt til húsakynna, sem höfð eru til annarra nota.